

Reykjavíkurborg  
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. október 2008  
Tilvísun: UST20080800041/ksj

### **Deiliskipulag Korpúlfsstaðarvallar í Staðahverfi, Korpúlfsstaðavöllur, stgr. 2.4, Reykjavík**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 13. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Korpúlfsstaðavallar í Staðahverfi.

Deiliskipulagið nær yfir syðri hluta golfvallarins við Korpúlfsstaði sem er um 70 ha svæði og afmarkast af Korpúlfsstaðavegi til norðurs, mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar til austurs, Stekkjabrekku til suðurs og Víkurvegi til vesturs. Áætlað er að bæta við 9 golfbrautum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

#### **Náttúruminjar**

Stór hluti þess svæðis sem deiliskipulagstillagan nær yfir er á náttúruminjaskrá, svæði nr. 130 þ.e. Úlfarsá og og 200 metra breiðir bakkar beggja vegna árinna en í skránni segir: „*Úlfarsá og Blikastaðakró, Reykjavík, Mosfellsbæ. (1) Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir vallendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur.*“ Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að svæði á náttúruminjaskrá er ekki merkt sérstaklega á skipulagsupprátt. Umhverfisstofnun telur að merkja eigi svæði á náttúruminjaskrá á öllum skipulagsupprættinum.

Nánasta umhverfi Korpu er hverfisverndað í aðalskipulagi Reykjavíkur eins og fram kemur á ofangreindum upprætti. Í greinargerð með tillögunni segir: „*Í aðalskipulaginu kemur fram að nánasta umhverfi Korpu sé undir hverfisvernd en endanleg afmörkun hverfisverndar verði skilgreind í deiliskipulagi svæðisins og eftirfarandi þættir í náttúrufari og lífríki árinna njóti forgangs þ.e. þ.e. lífríki árinna, nánasta umhverfi, gróðurfar og fuglalíf.*“ Teigar og aðrar yfirborðsbreytingar vegna golfíþróttarinnar ættu ekki að fara nær ánni en 200 metrar þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá. Reiðstígar ættu ekki að vera nær ánni en 50 metrar, en austast á upprætti þar sem segir Merkjafoss fer reiðvegur alveg að bakka árinna.

#### **Jarðvegsfylling**

Fram kemur í greinargerð að gert er ráð fyrir jarðvegsfyllingu austast á svæðinu næst Blikastaðavegi sem mótuð verði undir golfbrautir. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi betur grein fyrir ofangreindri jarðvegsfyllingu og merkja inn á kort svo sjáist hvar fyllingunni sé ætlaður staður.

### Settjörn


Í texta kemur fram að gert sé ráð fyrir settjörn 5000 m<sup>2</sup> að stærð sem taka muni við ofanvatni frá atvinnulóðum við Blikastaðaveg. Að mati Umhverfisstofnunar á að sýna settjörmina á uppdrætti og gera betur grein fyrir henni í greinargerð.


### Stígar

Umhverfisstofnun bendir á að á einum stað þverar nýr reiðstígur göngustíg sem gæti skapað hættu fyrir gangandi fólk.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Helgi Jónsson  
Ráðgjafi

Skipulagsstofnun